

**Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs  
annars vegar**

**og**

**Starfsgreinasamband Íslands hins vegar fyrir hönd eftirtalinna félaga: Afl  
starfsgreinafélag, Aldan stéttarfélag, Bárán stéttarfélag, Drífandi stéttarfélag, Eining-  
lōja, Framsýn stéttarfélag, Stéttarfélagið Samstaða, Stéttarfélag Vesturlands,  
Verkalýðsfélag Akraness, Verkalýðsfélag Grindavíkur, Verkalýðsfélagið Hlíf,  
Verkalýðsfélag Snæfellinga, Verkalýðsfélag Suðurlands, Verkalýðsfélag Vestfirðinga,  
Verkalýðsfélag Þórshafnar, Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur, Verkalýðs- og  
sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis og Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis**

**hins vegar**

gera með sér eftirfarandi

**S A M K O M U L A G**

um breytingar og framlengingu á kjarasamningum aðila

**1. gr.**

**Gildistími**

Gildandi kjarasamningur aðila með bókunum og fylgiskjölum framlengist frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samkomulagi þessu felst og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

**2. gr.**

**Launahækkunir**

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir:

1.4.2023: Laun hækka samkvæmt útfærslu í meðfylgjandi launatöflu í fylgiskjali 1.

Fyrir tímamælda ákvæðisvinnu í ræstingum frá kl. 08–20 mánudaga til föstudaga greiðist eftirfarandi tímakaup, sbr. gr. 1.6.1.1:

Frá 1. apríl 2022: 2.426,43 kr.

Frá 1. apríl 2023: 2.672,47 kr.

Fyrir tímamælda ákvæðisvinnu í ræstingum aðra tíma vikunnar, þó ekki kl. 00:00-08:00, greiðist eftirfarandi tímakaup, sbr. gr. 1.6.1.2:

Frá 1. apríl 2022: 2.927,24 kr.

Frá 1. apríl 2023: 3.224,06 kr.

Fyrir flatarmælda ákvæðisvinnu í ræstingum greiðist eftirfarandi, sbr. gr. 1.6.2.1:

Gólfræsting Fiml.hús Salerni

Frá 1. apríl 2022	592,26 kr.	513,48 kr.	667,73 kr.
Frá 1. apríl 2023	652,32 kr.	565,55 kr.	735,44 kr.

*Samkomulag er um að með þessari hækkun komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. fylgiskjali 4 í kjarasamningi aðila 2019-2023 og telst hann að fullu efndur.*

### **3. gr.**

#### **Persónuuppbót og orlofsuppbót**

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2023                      103.000 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2023                      56.000 kr.

### **4. gr.**

#### **Atkvæðagreiðsla**

Samningsaðilar skulu bera samning þennan ásamt bókun, verkáætlun, viðauka og fylgiskjali upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 12:00 þann 21. júní 2023 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík 15. júní 2023

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra  
með fyrirvara um samþykki

f.h. Starfsgreinasambands Íslands vegna  
aðildarfélaganna með fyrirvara um samþykki  
félagsfólks

**Bókun og verkáætlun  
með samkomulagi  
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar  
og Starfsgreinasambands Íslands vegna aðildarfélaga  
dags. 15. júní 2023**

**Bókun**

Aðilar eru sammála um að í þessum samningnum hafi launatöflur aðildarfélaga SGS skekkst vegna krónutöluhækkana. Í næstu kjarasamningum skal stefnt að því að færa þær til upphaflegs horfs þannig að bil milli launaflokka verði 2,5% hlaðsett og bil milli þrepa 2,5% hliðsett.

**Verkáætlun**

Með samkomulagi um framlengingu á kjarasamningi er viðræðum um önnur atriði en launalið aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Málefni	Vinna hefst	Vinnu lýkur
Betri vinnutími í dagvinnu / framlenging á fylgiskjali með áherslu á umbætur og eftirfylgni til að ná betur fram gagnkvæmum ávinningi. Settur verður á laggirnar vinnuhópur þvert á opinbera launagreiðendur og bandalög/stéttarfélag líkt og er vegna betri vinnutíma í vaktavinnu.	Vinna þegar hafin	31. janúar 2024
Betri vinnutími í vaktavinnu / framlenging á fylgiskjali með áherslu á umbætur og eftirfylgni til að ná betur fram gagnkvæmum ávinningi. Vettvangur stýrihóps heldur áfram.	Vinna þegar hafin	31. janúar 2024
Bakvaktir / skoðun á fyrirkomulagi bakvakta.	17. apríl 2023	31. janúar 2024
Endurskoðun veikindakafla / framlenging á bókun 2.	Vinna þegar hafin	31. október 2023
Ráðning í tímavinnu / Aðilar eru ásáttir um að fara sameiginlega yfir fyrirkomulag ráðninga í tímavinnu.	17. apríl 2023	31. ágúst 2023

Ofangreind mál eru á borði heildarsamtaka og launagreiðenda. Eftirfarandi mál verða til umræðu í aðdraganda næstu kjarasamninga:

Málefni	Vinna hefst	Vinnu lýkur
Tenging ræstingartaxta og launatöflu	1. maí 2023	31. október 2023
Verkfæri og vinnuföt, kafli 8	1. september 2023	31. október 2023

Aðilar áskilja sér rétt til að taka fleiri mál til umræðu í aðdraganda næstu kjarasamninga.

Þann 31. október 2023 skulu kröfur stéttarféлага liggja fyrir. Eigi síðar en 15. nóvember skulu viðræður hefjast og munu aðilar þá gera áætlun um framgang viðræðna ásamt tímasettum markmiðum.

**Viðauki við samkomulag  
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs  
annars vegar  
og  
Starfsgreinasambands Íslands vegna aðildarfélaganna með fyrirvara um samþykki  
félagsfólks  
hins vegar**

**dags. 15. júní 2023**

**Aðilar eru sammála um að gera eftirfarandi breytingar á fylgiskjali 2 um betri vinnutíma í vaktavinnu, hjá þeim stéttarfélögum sem um það sömdu í síðustu kjarasamningum.**

*Greinar 1.6.1 og gr. 1.6.2 breytast frá 1. apríl 2023 og verða svohljóðandi:*

### **1.6 Álagsgreiðslur - vaktaálag**

1.6.1 Vaktaálag reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.4.1.

Vaktaálag skal vera:

33,33% kl. 17:00 - 24:00 mánudaga - fimmtudaga  
55,00% kl. 17:00 - 24:00 föstudaga  
65,00% kl. 00:00 - 08:00 þriðjudaga - föstudaga  
55,00% kl. 08:00 - 24:00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga  
75,00% kl. 00:00 - 08:00 laugardaga, sunnudaga, mánudaga og sérstaka frídaga  
120,00% kl. 00:00 - 24:00 stórhátíðardaga sbr. gr. 2.1.4.3, þó þannig að frá kl. 16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársgiladag og kl. 00:00 - 08:00 á jóladag og nýársdag er 165,00% álag.

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega.

1.6.2 Greiðsla fyrir bakvaktir skal reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.4.1 með eftirtöldum hætti:

33,33% kl. 17:00 - 24:00 mánudaga - fimmtudaga  
45,00% kl. 17:00 - 24:00 föstudaga  
45,00% kl. 00:00 - 08:00 mánudaga  
33,33% kl. 00:00 - 08:00 þriðjudaga - föstudaga  
45,00% kl. 00:00 - 24:00 laugard., sunnud. og sérstaka frídaga  
120,00% kl. 00:00 - 24:00 stórhátíðardaga sbr. gr. 2.1.4.3, þó þannig að frá kl. 16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársgiladag og kl. 00:00 - 08:00 á jóladag og nýársdag er 165,00% álag.

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega. Um greiðslur fyrir útköll á bakvakt gilda gr. 2.3.3.1 og 2.3.3.2.

*Grein 2.6.10 breytist frá 1. apríl 2023 og verður svohljóðandi:*

### **2.6.10 Vaktahvati**

Starfsfólk sem vinnur vaktavinnu og uppfyllir skilyrði greinarinnar fær greiddan vaktahvata með eftirfarandi hætti.

Vaktahvati greiðist sem hlutfall mánaðarlauna vegna fjölbreytileika og fjölda vakta á launatímabili samkvæmt skipulögðum vöktum innan vinnutímaskyldu. Lágmarksfjöldi vinnuskyldustunda á hverju launatímabili utan dagvinnumarka (á 33,33%, 55%, 65% og 75% álagi) eru 42 vinnuskyldustundir. Vaktir eru flokkaðar í fjórar tegundir; dagvaktir, kvöldvaktir (33,33% álag), næturvaktir á virkum dögum (65% álag) og helgarvaktir (55% og 75% álag). Þá skal lágmarksfjöldi vinnuskyldustunda í hverri tegund vakta vera 15 vinnuskyldustundir. Starfsmaður þarf að standa vaktir í tveimur til fjórum tegundum vakta, 14 sinnum eða oftar til þess að njóta vaktahvata.

Hlutfall vaktahvata miðist við eftirfarandi töflu:

Fjöldi vakta	Tegundir vakta			
	1	2	3	4
19		10,0%	12,5%	12,5%
18		7,5%	10,0%	12,5%
17		7,5%	10,0%	12,5%
16		2,5%	7,5%	12,5%
15		2,5%	2,5%	10,0%
14			2,5%	7,5%

**Fylgiskjal 1** Launatafla gildir frá 1. apríl 2023.

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
1	380.275	389.782	399.289	408.796	418.303	427.809	437.316	446.823	456.330
2	387.862	397.559	407.255	416.952	426.648	436.345	446.041	455.738	465.434
3	395.613	405.503	415.394	425.284	435.174	445.065	454.955	464.845	474.736
4	403.710	413.802	423.895	433.988	444.081	454.173	464.266	474.359	484.452
5	411.335	421.618	431.902	442.185	452.469	462.752	473.035	483.319	493.602
6	419.882	430.379	440.876	451.373	461.870	472.367	482.864	493.361	503.858
7	427.361	438.045	448.729	459.413	470.097	480.781	491.465	502.149	512.833
8	435.347	446.231	457.115	467.998	478.882	489.766	500.650	511.533	522.417
9	443.526	454.615	465.703	476.791	487.879	498.967	510.055	521.144	532.232
10	451.901	463.199	474.496	485.794	497.091	508.389	519.686	530.984	542.282
11	460.476	471.988	483.500	495.012	506.523	518.035	529.547	541.059	552.571
12	469.256	480.988	492.719	504.450	516.182	527.913	539.645	551.376	563.107
13	478.247	490.203	502.159	514.115	526.072	538.028	549.984	561.940	573.896
14	487.453	499.639	511.826	524.012	536.198	548.385	560.571	572.757	584.944
15	496.569	508.983	521.397	533.811	546.225	558.640	571.054	583.468	595.882
16	505.507	518.144	530.782	543.420	556.057	568.695	581.333	593.970	606.608
17	514.100	526.953	539.805	552.658	565.510	578.363	591.215	604.068	616.920
18	521.255	534.286	547.318	560.349	573.380	586.412	599.443	612.475	625.506
19	532.092	545.394	558.696	571.999	585.301	598.603	611.905	625.208	638.510
20	543.196	556.776	570.355	583.935	597.515	611.095	624.675	638.255	651.835
21	554.575	568.439	582.303	596.168	610.032	623.896	637.761	651.625	665.490
22	566.233	580.389	594.544	608.700	622.856	637.012	651.168	665.323	679.479
23	577.557	591.996	606.435	620.874	635.313	649.752	664.191	678.630	693.069
24	589.109	603.836	618.564	633.292	648.019	662.747	677.475	692.203	706.930
25	600.891	615.913	630.935	645.958	660.980	676.002	691.024	706.047	721.069
26	612.909	628.231	643.554	658.877	674.199	689.522	704.845	720.168	735.490
27	625.167	640.796	656.425	672.054	687.683	703.313	718.942	734.571	750.200
28	637.670	653.612	669.554	685.495	701.437	717.379	733.321	749.262	765.204
29	650.423	666.684	682.945	699.205	715.466	731.726	747.987	764.248	780.508
30	664.082	680.684	697.286	713.888	730.491	747.093	763.695	780.297	796.899
31	678.028	694.979	711.929	728.880	745.831	762.782	779.732	796.683	813.634
32	691.589	708.878	726.168	743.458	760.747	778.037	795.327	812.617	829.906
33	705.420	723.056	740.691	758.327	775.962	793.598	811.233	828.869	846.504
34	719.529	737.517	755.505	773.493	791.482	809.470	827.458	845.446	863.435
35	734.457	752.818	771.180	789.541	807.903	826.264	844.626	862.987	881.348
36	749.855	768.601	787.348	806.094	824.840	843.587	862.333	881.080	899.826
37	766.372	785.531	804.690	823.849	843.009	862.168	881.327	900.487	919.646
38	783.298	802.881	822.463	842.046	861.628	881.210	900.793	920.375	939.958
39	800.641	820.657	840.673	860.689	880.705	900.721	920.737	940.753	960.769
40	818.413	838.874	859.334	879.794	900.255	920.715	941.175	961.636	982.096
41	836.623	857.539	878.454	899.370	920.285	941.201	962.116	983.032	1.003.948
42	855.283	876.665	898.047	919.429	940.812	962.194	983.576	1.004.958	1.026.340
43	874.405	896.265	918.125	939.985	961.845	983.705	1.005.565	1.027.425	1.049.286
44	893.997	916.347	938.697	961.047	983.397	1.005.746	1.028.096	1.050.446	1.072.796
45	914.075	936.927	959.778	982.630	1.005.482	1.028.334	1.051.186	1.074.038	1.096.890

